



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

YFIRLÝSING

VEGNA UMFJÖLLUNAR UM BLOOMBERG VIÐTAL

Í tilefni af fjölmiðlaumfjöllun um viðtal á alþjóðlegu sjónvarpsstöðinni Bloomberg í morgun, vill forseti Íslands áréttta, eins og þar kom fram, að það væri grundvallarregla í stjórnskipun Íslands að forseti tæki ekki afstöðu til samninga eða málefna sem Alþingi ætti eftir að afgreiða. Varðandi Icesave yrði fyrst að ljúka samningum og þeir síðan að fara fyrir Alþingi og hljóta samþykki þar. Að öðru leyti lýsti forseti í viðtalinu sömu skoðun og fram kom í ræðu hans við setningu Alþingis 1. október síðastliðinn en þá sagði forseti: „Úrslitin fólu líka í sér áminningu til allra aðila málsins sem þá var á dagskrá um að þjóðin verður, þegar upp er staðið, að vera sátt við niðurstöður.“ Að þessu leyti kom því ekkert nýtt fram í samtalinu við Bloomberg sem ekki hafði komið fram áður.

26. nóvember 2010

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).